

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 58/97
frá 31. júlí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 15/97 frá 26. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/12/EB frá 8. mars 1996 um breytingu á tilskipun
ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/46/EB frá 16. júlí 1996 um breytingu á tilskipun
ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽³⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II.
viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 65.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 65, 15. 3. 1996, bls. 20.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 214, 23. 8. 1996, bls. 18.

- „- 396 L 0012: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/12/EB frá 8. mars 1996 (Stjttíð. EB nr. L 65, 15. 3. 1996, bls. 20).
- 396 L 0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/46/EB frá 16. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 214, 23. 8. 1996, bls. 18).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 96/12/EB og 96/46/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

